

TVÍMÁLAKENNSLA

Höfundar: Rannveig Sverrisdóttir og Haraldur Bernharðsson, flytjandi Rannveig Sverrisdóttir

Á Hugvísindasviði er til skoðunar kennslufyrirkomulag þar sem tvö tungumál, íslenska og erlent mál, eru notuð samhliða í sama námskeiði. Hér er verið að bregðast við æ fjölþjóðlegra samfélagi nemenda og kennara sem bæði gerir kröfur um notkun fleiri en eins tungumáls og inngildingu. Jafnframt er verið að treysta stöðu íslenskrar tungu og tryggja að hún verði ekki látin víkja fyrir erlendum málum, einkum ensku. Með því að kenna fjölbreyttum nemendahópi á tveimur tungumálum samtímis má bæði gæta að íslenskunni og nýta þann kraft og nýsköpun sem falist getur í samvinnu erlendra og innlendra nemenda. Á vormisseri 2025 var gerð tilraun með slíka kennslu þegar tvö námskeið, sambærileg að inntaki en höfðu verið kennd á sittthvoru tungumálinu, voru samkennd af einum og sama kennara. Öllum nemendum var kennt saman, bæði á íslensku og ensku, fyrir utan einn tíma á viku. Í lok námskeiðs voru tekin rýnihópaviðtöl við nemendurna til að kanna upplifun þeirra af kennslunni. Báðir hópar lýstu ánægju með fyrirkomulagið og sáu einungis hvata og gróða felast í því að blandast nemendum með önnur móðurmál og annan akademískan bakgrunn. Íslensku nemendurnir nefndu t.d. hvað áhugavert væri að sjá hlutina út frá sjónarhorni erlendra nemenda og þeir erlendu að þeir hafi fengið dýpri innsýn í íslenska menningu. Hóparnir voru þó sammála um að lítil tengsl hefðu myndast þeirra í milli og nefndu að meiri stýring í hópavinnu hefði mögulega hjálpað. Enginn taldi tvímálakennsluna íþyngjandi en flestir voru sammála um að kennarinn hefði þurft að leggja á sig mikla vinnu til að koma til móts við báða tungumálaheima. Útkoman gefur tilefni til þess að þróa leiðbeiningar fyrir kennara sem vilja taka upp tvímálakennslu og blanda saman nemendahópum án þess að láta íslenskuna róa. Enn fremur má spyrja hvernig gervigreind og máltæknilausnir geti komið að gagni í kennslu af þessum toga.